



Reykjavík, 5. mars 2020

Lífeyrissparnaður nam rúmlega 5.180 milljörðum kr. við árslok 2019

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur birt upplýsingar um heildareignir samtryggingar- og séreignarsparnaðar og sundurliðun þeirra miðað við árslok 2019 ásamt sambærilegum gögnum er ná aftur til þriðja ársfjórðungs 2017. Upplýsingarnar eru byggðar á tegundaflokkun 2. mgr. 36.a. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og má [nálgast þær á vef Seðlabankans](#).

Hér að neðan er að finna stutta samantekt á helstu breytingum í fjárfestingum lífeyrissjóða og annarra vörlslaðila séreignarsparnaðar á árinu 2019. Fjárhæðir byggja á innsendum skýrslum þeirra áður en endurskoðun hefur farið fram. Lífeyrissparnaður landsmanna í samtryggingu og séreign jókst umtalsvert á liðnu ári eða sem nemur 752 milljörðum kr. sem samsvarar um 17% aukningu. Munar þar mest um aukningu vegna erlendra eigna sem nam um 455 milljörðum kr. Erlendar eignir voru um 1.672 milljarða kr. eða nærrí 1/3 af heildareignum samtrygginga og séreignar og hefur sú hlutdeild aldrei verið hærri. Afkoma á erlendum verðbréfamörkuðum var mjög hagfeldl á liðnu ári og nam til dæmis hækkan vístölu MSCI um 27% á liðnu ári. Stærstur hluti erlendra eigna er í verðbréfasjóðum og hlutabréfum, annarsvegar 1.363 milljarðar kr. og hinsvegar 229 milljarðar kr. Heildareignir í vörlu fjögurra stærstu lífeyrissjóðanna, LSR, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Gildis og Birtu námu í árslok nærrí 3.000 milljörðum kr. eða um 57% af lífeyrissparnaði landsmanna og höfðu aukist lítillega frá fyrra ári eða um 0,4 prósentustig. Eignir LSR námu um 1.019 milljörðum kr., Lífeyrissjóðs verslunarmanna 867 milljörðum kr., Gildis 657 milljörðum kr. og eignir Birtu námu 430 milljörðum kr.

Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrissjóða

Heildareignir samtryggingardeilda lífeyrissjóða námu við árslok 2019 um 4.439 milljörðum kr. og jukust um 642 milljarða á liðnu ári eða tæplega 17%. Helstu breytingar á eignaflokkum eru þær að eignir í hlutdeildarskríteinum UCITS sjóða jukust um 281 milljarða kr. á liðnu ári sem samsvarar um 39% aukningu. Nærri 2/3 eigna í þessum sjóðum eru í erlendum gjaldmiðlum. Einnig varð umtalsverð aukning í hlutabréfaeign sjóðanna eða um nærrí 174 milljarða kr. sem er um 30% aukning. Útlán sjóðanna í fasteignaveðtryggðum skuldabréfum jukust um 92 milljarða kr. sem að mestu leyti er aukning í lánum til sjóðfélaga.

Bráðabirgðatölur um raunávöxtun á heildareignum samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna á liðnu ári gefa vísbindingu um **12% ávöxtun**. Ávöxtun hefur ekki verið betri síðustu two áratugi fyrir utan árið 2005 en þá var hún 13,5%.

Erlendar eignir sjóðanna voru í árslok um 1.505 milljarðar kr. og nam aukningin um 37% eða um 406 milljörðum kr. á liðnu ári. Hlutdeild erlendra eigna í eignasöfnum samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna nam nærrí 34 % af heildareignum og hefur aldrei verið meiri.

Í töflunni hér að neðan koma fram helstu breytingar eignaflokka samtryggingardeilda á á árinu 2019.



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Tafla 1. Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrisjóðanna

| Samtrygging | fjárhæðir í þús. kr. | 31.12.2018 | 31.12.2019 | Breyting (kr.) | Breyting % |
|---|----------------------|----------------------|--------------------|----------------|------------|
| Ríkisvíxlar og skuldabréf (A.a) | 1.036.444.308 | 1.005.455.052 | - | 30.989.256 | -3,0% |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b) | 450.646.498 | 542.705.048 | 92.058.550 | 20,4% | |
| Skuldabréf sveitarfélaga (B.a) | 155.580.158 | 167.155.142 | 11.574.984 | 7,4% | |
| Innlán (B.b) | 98.043.716 | 119.148.547 | 21.104.831 | 21,5% | |
| Sértryggð skuldabréf (B.c) | 178.223.151 | 195.670.517 | 17.447.366 | 9,8% | |
| Skuldabréf og víxlar lánastofnana og vátryggingafélaga (C.a) | 18.019.848 | 13.390.402 | - 4.629.446 | -25,7% | |
| Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b) | 721.983.350 | 1.003.012.211 | 281.028.861 | 38,9% | |
| Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a) | 229.973.038 | 260.158.845 | 30.185.807 | 13,1% | |
| Skuldabréf og peningam. skjöl sjóða um sameiginl. fjárf. (D.b) | 69.132.970 | 77.764.961 | 8.631.991 | 12,5% | |
| Hlutabréf félaga (E.a) | 586.570.456 | 760.423.984 | 173.853.528 | 29,6% | |
| Hlutdeildarskírteini og hlutir sjóða um sameiginl. fjárf. (E.b) | 249.557.372 | 291.182.278 | 41.624.906 | 16,7% | |
| Fasteignir (E.c) | 83.697 | 59.617 | - 24.080 | -28,8% | |
| Afleiður (F.a) | 87.395 | - | - 87.395 | -100,0% | |
| Aðrir fjármálagerningar (F.b) | 3.221.510 | 2.769.056 | - 452.454 | -14,0% | |
| Samtals: | 3.797.567.467 | 4.438.895.660 | 641.328.193 | 16,9% | |

Sundurliðun fjárfestinga séreignarsparnaðar

Heildareignir séreignarsparnaðar í vörlu lífeyrissjóða og annarra vörluaðila¹ námu nærri 742 milljörðum kr. við árslok 2019 og jukust um 112 milljarða kr. á árinu sem samsvarar nærri 18% aukningu. Mest var aukning í hlutdeildarskírteinum UCITS sjóða eða um 45 milljarðar kr. Sértryggð skuldabréf og hlutabréf jukust einnig umtalsvert á liðnu ári, annarsvegar um nærri 16 milljarða kr. og hinsvegar um 12 milljarða kr.

Erlendar eignir séreignasparnaðar námu nærri 167 milljörðum kr. við árslok eða rúmlega 22% af eignum þeirra. Aukning erlendra eigna nam um 50 milljörðum kr.

Í töflunni hér að neðan koma fram helstu breytingar eignaflokka séreignarsparnaðar á liðnu ári.

Tafla 2. Sundurliðun fjárfestinga séreignarsparnaðar

| Séreign | fjárhæðir í þús. kr. | 31.12.2018 | 31.12.2019 | Breyting (kr.) | Breyting % |
|---|----------------------|--------------------|--------------------|----------------|------------|
| Ríkisvíxlar og skuldabréf (A.a) | 123.939.623 | 127.279.527 | 3.339.904 | 2,7% | |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b) | 33.676.328 | 32.907.828 | - 768.500 | -2,3% | |
| Skuldabréf sveitarfélaga (B.a) | 15.430.356 | 18.694.958 | 3.264.602 | 21,2% | |
| Innlán (B.b) | 194.689.894 | 205.457.757 | 10.767.863 | 5,5% | |
| Sértryggð skuldabréf (B.c) | 49.690.495 | 65.443.426 | 15.752.931 | 31,7% | |
| Skuldabréf og víxlar lánastofnana og vátryggingafélaga (C.a) | 5.210.296 | 6.452.849 | 1.242.553 | 23,8% | |
| Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b) | 110.282.961 | 155.345.997 | 45.063.036 | 40,9% | |
| Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a) | 23.995.009 | 33.323.742 | 9.328.733 | 38,9% | |
| Skuldabréf og peningam. skjöl annarra sjóða um sameiginl. fjárfest. (D.b) | 6.720.073 | 8.232.886 | 1.512.813 | 22,5% | |
| Hlutabréf félaga (E.a) | 35.849.587 | 47.928.236 | 12.078.649 | 33,7% | |
| Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (E.b) | 30.423.573 | 40.523.195 | 10.099.622 | 33,2% | |
| Fasteignir (E.c) | - | 14.694 | 14.694 | | |
| Aðrir fjármálagerningar (F.b) | 60.977 | 32.896 | - 28.081 | -46,1% | |
| Samtals: | 629.969.172 | 741.637.991 | 111.668.819 | 17,7% | |

¹ Gögnin innihalda ekki fjárhæðir frá erlendum vörluaðilum. Við árslok 2018 námu þær um 70 milljarða kr.